

## 11 Kennsla og rannsóknir

### 11.1 Almennt um kennslu

Hér á landi eru og verða geðdeildir sjúkrahúsanna, Landspítalans, Sjúkrahúss Reykjavíkur og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, miðstöðvar kennslu og rannsókna í geðsjúkdómafræði og þó einkum geðdeildirnar í Reykjavík vegna stærðar sinnar og fjölda sérfræðinga og annars fagfólks sem þar er saman komið, sérstaklega geðdeild Landspítalans sem er stærst og fjölmennust.

Þótt þjónusta við sjúka sé meginverkefni geðdeildanna helst þetta verkefni í hendur við og verður vart aðskilið frá tveim öðrum aðal verkefnum deildanna, nefnilega upplýsingu og fræðslu almennings og kennslu og þjálfun heilbrigðisstétta og svo rannsóknum á sviði geðsjúkdómafræði.

### 11.2 Geðlækningar

Forstöðulæknir geðdeildar Landspítalans er jafnframt prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og tveir geðlæknar og einn sálfræðingur við deildina eru dósentar við læknadeild. Þá eru hjúkrunarframkvæmdastjórar á geðdeild Landspítala og geðsviði Sjúkrahúss Reykjavíkur bæði lektorar og stundakennarar í Námsbraut í hjúkrunarfræði. Við geðdeildir sjúkrahúsanna stunda fjölmargir nám, læknanemar, læknakandidatar og deildarlæknar, hjúkrunarnemar og hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðanemar, nemar í félagsráðgjöf og enn fleiri nemar koma til lengri eða styttri námsdvalar. Kennsla læknanema og lækna er fléttuð inn í dagleg störf en fer einnig fram með fyrirlestrum, seminartímum og leiðbeiningafundum. Auk þess fá aðstoðarlæknar einstaklingshandleiðslu. Kennslustjórar deildanna sjá um skipulagningu klínískrar kennslu aðstoðarlækna og hafa eftirlit með henni og kennsla læknanema er skipulögð undir forystu prófessorsins. Vegna þess að kennslan er verkleg í tengslum við sjúklinga deildanna verður ekki hjá því komist að nær allir læknar geðdeildanna komi að henni í meira eða minna mæli. Hin klíniska kennsla þarfnast undirbúnings og tíma og kemur til viðbótar sem álag á aðrar starfsskyldur sérfræðinga geðdeildanna. Það er nauðsynlegt og jafnframt réttmætt að sérfræðingar geðdeildanna verði sem allra fyrst ráðnir í fast hlutastarf sem kennarar við læknadeild. Jafnframt þarf að lagfæra aðstöðu þeirra til að sinna kennslunni og sjá um að þeir njóti nauðsynlegrar aðstoðar við gerð kennslugagna o.þ.h. auk þess sem gera verður ráð fyrir kennslu og vísindarannsóknum í vinnutímaáætlun þeirra.

### 11.3 Félagsráðgjöf

Kennsla og rannsóknir innan félagsráðgjafar á geðheilbrigðissviði hefur farið fram allt frá því að félagsráðgjafar byrjuðu að starfa innan geðdeilda stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Nemar í félagsráðgjöf hafa tekið sína starfsþjálfun á geðdeildum Landspítalans og Sjúkrahúsi Reykjavíkur allt frá því áður en byrjað var að kenna félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, en það var í byrjun níunda áratugarins. Áður voru íslenskir nemendur í skólum á hinum Norðurlöndunum og komu þeir gjarnan heim til að taka starfsþjálfun sína hér

á landi. Nenum í félagsráðgjöf hefur staðið til boða að fá starfsþjálfun sína á geðdeild FSA og nýttu þrír nemar sér það tilboð árin 1986, 1988 og 1990.

Starfsþjálfunin er þannig skipulögð í dag að um er að ræða tvö tímabil, fyrri og seinni starfsþjálfun. Í fyrri starfsþjálfuninni eru nemar tvo daga í viku í eitt misseri, en í þeirri seinni eru þeir alla virka daga í eitt misseri.

Starfsþjálfunin er skipulögð í samvinnu milli félagsráðgjafa á stofnunum og félagsráðgjafadeildar í Háskóla Íslands. Þeir félagsráðgjafar sem taka að sér að handleiða nemana þurfa að vera búnir að sækja sérstök námskeið í Háskóla Íslands sem eru sérstaklega sniðin fyrir starfsþjálfunarhandleiðslu. Kennslan á hverri stofnun fyrir sig er skipulögð í samvinnu yfirfélagsráðgjafa og starfsþjálfunarkennara hvernar stofnunar fyrir sig.

Af þessu má sjá að töluverður hluti kennslu í félagsráðgjöf á geðheilbrigðisviði fer fram innan geðdeilda sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þessari vinnu hefur verið sinnt af félagsráðgjöfum í starfi á stofnunum án þess að það hafi verið skilgreint nægilega vel sem viðurkenndur hluti þeirrar vinnu.

Stefnt er að því að þetta áralanga samstarf verði gert formlegt með því að gera samstarfssamning milli geðdeildar Landspítalans og Háskóla Íslands um reglulega starfsþjálfun félagsráðgjafanema á geðdeild Landspítalans.

Í ljósi ofanritaðs er ljóst að mjög mikilvægt er að komið verði á kennslustöðu að minnsta kosti við geðdeild Landspítalans sem er kennslustofnun og sú stærri tveggja geðdeilda á höfuðborgarsvæðinu. Þannig væri það gert mögulegt að skipuleggja námið á mun markvissari hátt og því veita mun betri upplýsingar og kennslu á sviðinu.

## 11.4 Geðhjúkrun

Miklar breytingar hafa átt sér stað í menntunarmálum hjúkrunarfræðinga undanfarna tvo áratugi, þ.e. öll kennsla hjúkrunarfræðinga hefur verið flutt í háskóla. Hjúkrunarfræðingar útskrifast nú bæði frá námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og frá Háskólanum á Akureyri ár hvert. Samfara þessum breytingum var stofnað eitt stéttarfélag hjúkrunarfræðinga árið 1994. Talið er að sameining hjúkrunarfélaganna hafi átt stóran þátt í að efla þekkingarþróun innan hjúkrunar almennt.

Mjög hröð þróun hefur átt sér stað bæði í námsbraut í hjúkrunarfræði og við heilbrigðisdeildina á Akureyri hvað varðar menntunar- og rannsóknarkröfur til kennara. Stöðum fastráðinna kennara hefur fjölgað, en enn er u.þ.b. 2/3 af heildarkennslu í höndum stundakennara. Lágmarksmenntun fastráðinna kennara hefur verið M.S. gráða eða sambærileg menntun. Árið 1992 lauk fyrsti hjúkrunarkennarinn doktorsprófi í hjúkrunarfræði og á þessu ári hlaut fyrsti íslenski hjúkrunarfræðingurinn prófessorsstöðu. Mikilvægt er að hjúkrunarfræðingar leggi í auknum mæli stund á meistara- og doktorsnám til að rannsóknarstarfsemi innan hjúkrunar aukist. Menntun hjúkrunarfræðinga er ein af forsendum fræðilegrar þróunar í hjúkrunarfræði. Vorið 1997 var stofnuð Rannsóknarstofa í hjúkrunarfræði á vegum námsbrautar í hjúkrunarfræði. Landspítalinn gaf eina stöðu hjúkrunarfræðings á rannsóknarstofuna til að stunda rannsóknir í hjúkrun og til ráðgjafar við hjúkrunarrannsóknir á Landspítalanum. Páll Biering geðhjúkrunarfræðingur

mun sitja í henni fyrstur skólaárið 1998-1999. Nauðsynlegt er að efla og auka tengsl rannsóknarstofu í hjúkrunarfræði við geðheilbrigðisstofnanir, þá sérstaklega geðdeildir sjúkrahúsanna.

Geðhjúkrun er kennd á þriðja ári við Háskólann á Akureyri, en á fjórða ári við Háskóla Íslands. Kennsla hjúkrunarnema í geðhjúkrun fer fram með fyrirlestrum, umræðufundum og verklegri þjálfun. Margir leggja hönd á plóginn við kennslu hjúkrunarnemanna þ.e. bæði hjúkrunarfræðingar starfandi á geðdeildum (tenglar), fastráðnir kennarar og stundakennarar sem sinna kennslu auk ýmissa annarra starfa við geðhjúkrun. Fjölgun rannsóknarverkefna í geðhjúkrun hefur átt sér stað á undanförunum árum. Hjúkrunarfræðinemar í B.S. lokaverkefnum sínum hafa í ríkara mæli beint augum sínum að sálfélagslegum þáttum hjúkrunar sem er vel. Kennarar í geðhjúkrun og geðhjúkrunarfræðingar starfandi við heilbrigðisstofnanir hafa aukið rannsóknarstarfsemi sína og hefur það sérstaklega komið fram í fjölgun birtra fræðigreina og erinda á vísindaráðstefnum og einnig í auknu samstarfi við fræðimenn í öðrum greinum í rannsóknum. Um þessar mundir hafa þrír geðhjúkrunarfræðingar hafið doktorsnám. Vætanlega aukast rannsóknir í geðhjúkrun og þekkingarsköpun verður meiri í faginu með fjölgun geðhjúkrunarfræðinga með tilskylda rannsóknarmenntun. Geðdeildir stærstu sjúkrahúsanna þurfa að fá fjárveitingu fyrir námsstöðum hjúkrunarfræðinga sem eru í doktorsnámi í geðhjúkrun.

## 11.5 Sálfræði

Snar þáttur í starfi sálfræðinga á geðdeildum er kennsla. Sú kennsla sem sálfræðingar veita er bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Á háskólastigi kenna sálfræðingar nemum í læknisfræði, sálfræði, hjúkrunarfræðum og sjúkrapþjálfun. Einn sálfræðingur geðdeildar Landspítalans, Eiríkur Örn Arnarson er dósent við læknadeild Háskóla Íslands.

Námsstöður fyrir sálfræðinema Háskólans eru engar, enda hefur aðeins verið hægt að taka B.A. próf í sálfræði á Íslandi, en ekki embættispróf. Allir sem hafa fengið löggildingu frá ráðuneyti eru með erlend próf. Séð er fram á breytingar í þessum efnunum. Haustið 1999 er fyrirhugað að hefja nám til M.A. gráðu í sálfræði við Háskóla Íslands. Þegar hægt verður að ljúka embættisprófi frá Háskóla Íslands er nauðsynlegt að við geðdeild Landspítala verði ein eða fleiri kennslustöður vegna þessara nemenda. Gera þarf formlegan samstarfssamning milli þessara stofnana um slíkar námsstöður.

Við geðdeild Landspítala verði ein eða fleiri kennslustöður m.a. vegna nemenda í sálfræði
---

Samkvæmt lögum um sálfræðinga og reglugerð þar að lútandi getur sálfræðingur aflað sér sérfræðiviðurkenningar á fjórum mismunandi sviðum; Í klínískri sálfræði, fötlunarsálfræði, félags- og skipulagssálfræði og uppeldissálfræði. Eitt af skilyrðum þess að fá sérfræðiviðurkenningu er að starfa á námstímanum við ólík verkefni á mismunandi deildum og stofnunum. Alltof fáir sálfræðingar hafa getið nýtt sér þetta nám og farið á mis við mikilvæga og nauðsynlega framhaldsmenntun þar sem engar námsstöður eru

til fyrir sérfræðinema við stofnanir sem ríkið rekur. Við geðdeild Landspítala þarf að vera a.m.k. ein námsstaða fyrir sálfræðinga sem eru að afla sér sérfræðiviðurkenningar í klínískri sálfræði.

Námsstaða fyrir sálfræðinga sem eru að afla sér sérfræðiviðurkenningar

Sálfræðingar á geðdeildum sinna einnig kennslu fyrir starfsfólk spítalans bæði á almennum deildum og geðdeildum m.a. á endurmenntunarnámskeiðum. Hluti af starfi sálfræðinga á geðdeildum er að taka þátt í fræðslustarfi, bæði fyrir almennt starfslið og fagfólk. Töluverður þáttur í starfi sálfræðinga á geðdeildum er handleiðsla fyrir sálfræðinga og aðrar stéttir sem sinna meðferðarstarfi. Um árabil hafa sálfræðingar á geðdeild Landspítala haldið reglulega fræðslufundi sem opnir eru öllu fagfólki spítalans. Námskeið fyrir sjúklinga og nánustu aðstandendur þeirra er vaxandi þáttur í meðferðarstarfi sálfræðinga.

Samkvæmt kjarasamningi er ætlast til að sálfræðingar afli sér viðbótar- og endurmenntunar. Aðgengi að fjármagni vegna námskostnaðar er óljóst og óáreiðanlegt. Á meðan svo er virkar það ekki hvetjandi á sálfræðinga til að viðhalda menntun sinni og afla sér nýrrar þekkingar. Hafa þarf skýr ákvæði um hve miklu fjármagni sé varið á hverjum tíma til sí- og endurmenntunar fyrir sálfræðinga.

Skýr ákvæði um hve miklu fjármagni sé varið á hverjum tíma til sí- og endurmenntunar

## 11.6 Rannsóknir í geðsjúkdómafræðum

Vísindarannsóknir eru ein af undirstöðum hvers akademísku kennslu- og fræðaseturs og eru uppspretta og næring frjórrar hugsunar og nýsköpunar. Starfshópurinn er sammála um að klínísk vinna og rannsóknarvinna eigi að vera samstíga. Stefnt skal að því að beitt verði klínískum aðferðum sem vísindalega sé hægt að færa sönnur á að dugi. Vísindastarfið þarf á einn eða annan veg að ná til sem flestra og allir sérfræðingar deildanna ættu að koma að því að einhverju leyti. Starfslýsing alls fagmenntaðs starfsfólks þarf að endurspeglar þetta viðhorf. Stofnanir og þeir sem ráða sérfræðinga til starfa þurfa að gera ráð fyrir því að verulegur hluti starfsins sé rannsóknarvinna. Einungis með því móti mun vera hægt að tryggja að hinum klínísku störfum sé sinnt á besta mögulega hátt.

Helstu rannsóknarviðfangsefni geðdeildanna hafa verið:

- faraldursfræðilegar rannsóknir
- rannsóknir á meðferðarárangri
- rannsóknir á notkun geðlyfja
- rannsóknir á eðli svefns og svefntruflunum
- rannsóknir á heilsutengdum lífsgæðum
- rannsóknir á erfðum geðsjúkdóma
- þróun nýrra mælitækja og sálfræðilegra prófa
- stöðlun og endurskoðun eldri sálfræðilegra prófa
- nýting tölvutækni við úrvinnslu og meðferð sálfræðilegra prófa
- þróun greiningarkerfa svo sem kerfisbundinna viðtala

Eigindlegar rannsóknir hafa farið fram á vegum Námsbrautar í hjúkrunarfræði á geðröskunum og afleiðingum þeirra fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Rannsóknastarfið hefur eflst smátt og smátt í árunna rás en þó er ljóst að það verður að halda áfram að vinna að eflingu þess til þess að það nái þeirri festu í starfsemi sjúkradeildanna sem nauðsynlegt er. Til þess að þetta geti orðið þarf fyrst og fremst tvennt. Annars vegar þarf að gera ráð fyrir tíma til vísindarannsókna í vinnuskipulagi lækna og annars sérhæfðs starfslíðs. Skilgreina þarf þetta rannsóknarhlutverk betur og skýrar en hingað til hefur verið gert. Hins vegar þarf að fjölga aðstoðarmönnum við rannsóknir, m.a. sérhæfðum aðstoðarmönnum. Hópur hæfra aðstoðarmanna er algjör undirstaða þess að mögulegt sé að auka rannsóknarvirkni því það er óviðunandi, bæði tíma, kostnaðar- og mannaflalega séð, að sérfræðingar þurfi að vinna þá þætti rannsóknarvinnunnar sem aðstoðarmenn geta unnið jafn vel.

Lækningar, hjúkrun, kennsla og vísindarannsóknir eru þættir sem styrkja og efla hvern annan. Þeir verða allir fjórir að vera traustir til að heilbrigðisþjónustan sé góð og í stöðugri framþróun.

## **11.7 Tillögur um kennslu og rannsóknir**

**Starfshópurinn gerir eftirfarandi tillögur varðandi kennslu og rannsóknir í geðheilbrigðisfræðum:**

- 1. Aukið verði vægi geðheilbrigðisfræða í grunnmenntun allra heilbrigðisstétta.**
- 2. Framhaldsmenntun á sviði geðheilbrigðisfræða fyrir háskólamenntaða heilbrigðisstarfsmenn verði aukin og gerð aðgengileg.**
- 3. Aðstaða til vísindarannsókna innan sjúkrahúsanna verði bætt og gert ráð fyrir að rannsóknir séu ávallt hluti af starfsemi geðdeildanna.**
- 4. Tengsl Háskóla Íslands í Reykjavík og Háskólans á Akureyri við geðdeildir spítalanna verði eflað enn frekar.**